

Eyjafjarðarsveit  
b/t Vigfús Björnsson  
Skólatröð 9  
601 Akureyri

Reykjavík, 27. september 2019  
UST201909-022/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing - Aðalskipulag Hörgársveitar 2012 - 2024 - breytingar**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hörgársveitar er barst 2. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á 18 aðskildum breytingum á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024.

#### **Lónsbakki**

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir að þéttbýlismörk fyrir Lónsbakka verði stækkuð til norðurs. Umhverfisstofnun bendir á að þéttbýli Lónsbakka liggur að Krossanesborgum sem eru friðslýstar sem fólkvangur með auglýsingu nr. 162/2005.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvæði þess að fjallað sé um í tillögunni hvort tillagan sem er fyrir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á fólkvanginn Krossanesborgir. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

#### **Arnarnes**

Í greinargerð kemur fram að breytingin nær til nýrrar frístundabyggðar við Arnarnes. Umhverfisstofnun bendir á að austan við Arnarnes er votlendissvæði sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufríbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Efnistaka**

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir breytingum á sérákvæðum vegna efnistöku úr Hörgá og þverám hennar.

Umhverfisstofnun bendir á að Hörgá fellur undir lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Fyrirhuguð efnistökusvæði, samkvæmt gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar, er innan vatnshlota nr: 102-1793-R Öxnadalsá 1, 102-1702-R Hörgá 2, 102-1801-R Hörgá 1, 102-1692-R Syðri-Tunguá og 102-1698-R Ytri-Tunguá.

Samkvæmt markmiðum reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Vistfræðilegt ástand byggir á líffræðilegum, vatnsformfræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum. Ef vatnshlot nær ekki umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar þarf að fara í aðgerðir til að gott ástand náist.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka í ám telst til vatnsformfræðilegra breytinga og geta þær breytingar haft áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar námur falli vel að umhverfinu eins og kostur er, hugað sé að ásýnd námusvæðanna og fjallað sé um frágang þeirra í breytingartillögunni. Þessu tengt bendir Umhverfisstofnun á vefsíðuna [www.namur.is](http://www.namur.is) þar sem finna má upplýsingar um frágang efnistökusvæða.

### **Bakkagróður**

Þar sem tillagan fjallar um efnistöku í Hörgá bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

### **Skógrækt**

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir nýjum skógræktarsvæðum á jörðunum Engimýrum, Geirhildargörðum og Grjótgarði.

Í 1. gr. laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt segir að markmið laganna sé m.a. að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd.

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins segir m.a. að á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spilt, s.s. vegna náttúrufars, verði skógrækt takmörkuð eða óheimil. Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum og byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa.

Umhverfisstofnun tekur undir ofangreinda stefnu og bendir á mikilvægi þess að við skógrækt skal forðast rask á vistgerðum og jarðminjum eins og fossum sem falla undir 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 70. gr laga um náttúruvernd þar sem fjallað er um ræktun segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarmínum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hugað sé að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt fornum landlags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað.

Umhverfisstofnun bendir á að hafa ber í huga við val á skógræktarsvæðum 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þar er fjallað um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir þar segir m.a. að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur